

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 16. mars 2016.

Fundur haldinn kl. 16.00 á bæjarskrifstofu Grindavíkur

Mættir: Sverrir Bollason, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Þórir Sigfússon, Jóna Sæmundsdóttir og Johan D. Jónsson.

Einnig sátu fundinn Róbert Ragnarsson, Óskar Sævarsson, René Biasone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Landvarsla, samstarf

Gert grein fyrir og rætt um fundi með fulltrúum UST og Grindavíkurbæjar um landvörslu og samstarf þar að lútandi.

2. Landvarsla

Gert grein fyrir og rætt um fundi með fulltrúum Grindavíkurbæjar og Reykjanes Geopark með fulltrúum ráðuneyta og þingmönnum kjördæmis vegna landvörslu.

Samþykkt var eftirfarandi ályktun:

„Stjórn Reykjanesfólkvangs hefur undanfarin misseri leitast eftir að fá aðstoð Ríkisins til að sinna landvörslu innan marka fólkvangsins og á Suðurnesjunum öllum. Stjórnin teldi að vel færi á með því að Ríkið kæmi að landvörslu á svo mikilvægu svæði fyrir ferðamenn, sér í lagi vetrarferðamenn. Umsjón, eftirlit og rekstur náttúrusvæða er ekki síður mikilvægir þættir en fjárfesting í föstum innviðum og Ríkinu bæri að hafa slík úrræði til taks.

Mikill ferðamannastraumur, sér í lagi að vetrarlagi hefur haft í för með sér ófyrirséð álag á náttúrusvæði í næsta nágrenni við höfuðbogarsvæðið og áhættu t.d. við Seltún og við suðurströndina. Ríkinu sem landeiganda á þessu svæði ber að axla einhverjar byrðar af því verkefni.“

3. Lúpína í fólkvanginum.

Gerð var grein fyrir fundi um lúpínu í fólkvanginum sem formaður sat með fulltrúa UST og Landgræðslunnar.

Rætt var um hvernig megi fá sjálfbóðaliða til að aðstoða við að hefta útbreiðslu lúpínunnar. Fyrirmyndir eru af starfi framhaldsskóla með GFF og störfum Sjálfbóðaliðasamtaka í náttúruvernd. René og Þorvaldur munu skoða hvernig megi safna liði í átaksverkefni í sumar.

4. Matarbíl í Seltúni

Lagt fram bréf Hafnarfjarðar dags. 1. okt. 2015 þar sem óskað var eftir umsögn stjórnarinnar um leyfi fyrir matarbíl í Seltúni 15. maí til 15. sept. 2016.

Landvörður greindi frá samskiptum sínum við rekstraraðila matarbílsins á svæðinu 2015.

Eftirfarandi var samþykkt:

„Stjórn Reykjanesfólkvangs tekur vel í að byggt verði á því tilraunaverkefni sem hafið var síðastliðið sumar og að þeim aðila sem var með rekstur í fyrrasumar við Seltún verði veitt leyfi til starfseminnar n.k. sumar. Stjórnin leggur áherslu á góða samvinnu og samstarf við landvörð og góða umgengni um Seltúnssvæðið allt. Gætt verði að því að aflgjafi valdi ekki ónæði. Stjórnin áskilur sér rétt til að endurskoða afstöðu sína með hliðsjón af reynslunni.“

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

5. Umsóknir í framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Rifjað upp hvaða verkefni hafa verið á dagskrá hjá Hafnarfirði og Grindavík í framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

6. Taktfakt, músíkhátíð við Kleifarvatn.

Rætt um erindi sem hefur borist frá aðila sem vill halda músíkhátíð við Kleifarvatn.

7. Skýrsla landvarðar 2015.

Lögð fram til kynningar skýrsla landvarðar vegna 2015.

8. Skýrsla um gróður og fugla í Krýsuvík.

Lögð fram til kynningar skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands

<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2015/NI-15007.pdf>

9. Aðsetur stjórnar

Rætt um tillögu um flutning aðseturs stjórnar til Grindavíkur.

Fundi slitið kl. 18:05